

— *Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um algjörðán aðskilnað 3. og 4. bekkis hins lærða skóla.* — Í heiðruðu brjefi 21. þ. mán. hafa stiptsyfirvöldin tilkynnt mjer, að þjer upp á væntanlegt samþykki landshöfðingjans hafið samkvæmt tillögum rektors fallitz á, að 3. og 4. bekkur lærða skólans, sem hingað til hafa verið sameinaðir í kennslustundunum í íslenzku, stærðfræði og trúbrögðum, en í þeim eru nú sem stendur 37 lærisveinar samtals, væru aðskildir með öllu.

Þessi úrskurður stiptsyfirvaldanna samþykkist hjer með.

— *Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Norður-Múlasýslu um innhemtingá húskatt.* — Í brjefi frá 19. ágúst þ. á. hafið þjer, herra sýslumaður spurt, hvort húskattur sá, er heimta skal saman á næstu manntalsþingum, sje greiddur fyrir almannaksárið 1878 eða fardagaárið 1878—79, hvort beri að heimta hann af húsum, sem að eins er búið í part af árinu, hvort skatturinn eigi að greiðast af húskofum, er að eins eru ætlaðir til þess að geyma fisk eða salt í, og af sjómannaþúðum, hvort eigandi eða leigjandi hússins eigi að greiða skattinn, og hvort sýslumenn megi borga hann í landsjóð með ávísun á verzlunarhús í Kaupmannahöfn. Fyrir því vil jeg tjá yður það, er nú segir:

1. Með því að ákveðið er í 6. grein laga 14. desbr. f. á., að húskatturinn eigi að heimtast á manntalsþingum ár hvert, virðist mjer það liggja næst við að ætla hann lagðan á fyrir fardagaárið. Aptur á móti virðist það ljóst, að heimta eigi skatt af öllum þeim húseignum, sem notaðar hafa verið á árinu og virtar samkvæmt reglugjörðinni frá 11. maí þ. á. Getur það í þessu tilliti varla komið til greina, að húsin að eins hafa verið notuð lítinn hluta úr ári. Heldur ekki virðist það geta haft neina þýðingu, að húseignin er ekki notuð til íbúðar. Löggin leyfa að eins 3 undantekningar:

a, hús; sem eru minna virði en 500 kr.

b, hús, sem eru notuð við ábúð á jörð, er metin er til dýrleika.

c, kirkjur, skólar o. s. frv. Sjá 2. grein laganna.

Allar aðrar húseignir verða að teljast skattskyldar.

2. Með því ekki er ákveðið, að skatturinn skuli hvíla á húsleigjanda, getur varla verið umtalsmál, að aðrir en eigandi sjeu skyldir að greiða skattinn, hins vegar verður eigandi skyldur að hafa umboðsmann í lögsagnarumdæmi því, sem húsið liggur í, sje hann ekki sjálfur þar búsettur, og virðist heimilt að taka húsið lögtaki fyrir skattinum, ef eigandi hefir ekki fengið leigjanda umboð, nje tilkynnt hlutaðeiganda lögtaksfremjanda, að hann hafi þar á staðnum annan umboðsmann, er muni greiða skattinn.

3. Ekkert getur verið því til fyrirstöðu, að gjaldheimtumenn borgi húskattinn, eins og önnur þinggjöld með ávísun á áreiðanlegt verzlunarhús í Kaupmannahöfn.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um laun prestsins á Vestmannaeyjum.* — Eptir að ráðgjafinn hafði meðtekið skýringar þær, sem þóknanlegt brjef yðar, herra landshöfðingi, frá 2. f. m. innihjelt, um útreikninginn á endurgjaldi því, er samkvæmt 4. gr. laga frá 14. desember f. á. um skattgjöld á Vestmannaeyjum, ber að greiða hinum núverandi presti á Vestmannaeyjum úr landssjóði fyrir þann

Hinn 31. desember 1878.